

153. löggjafarþing 2022-2023

Þingskjal 89 – 89 mál



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Íceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Svartsengi, 16. nóvember 2022

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um breytingar á raforkulögum til að tryggja raforkuöryggi almennings og forgangsröðun raforkuframleiðslu til orkuskipta.

Flm. eru Þórunn Sveinbjarnardóttir, Logi Einarsson, Helga Vala Helgadóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Krístrún Frostadóttir, Oddný G. Harðardóttir

Inngangur

Umrædd tillaga til þingsályktunar um breytingar á raforkulögum til að tryggja raforkuöryggi almennings og forgangsröðun raforkuframleiðslu til orkuskipta („Tillagan“) er hvatning flutningsmanna um að hraða frumvarpi til breytinga á raforkulögum. Atvinnuveganefndi Alþingis sendir umrædda tillögu til umsagnar og HS Orka nýtir hér með það tækifæri.

HS Orka fagnar því sérstaklega að flutningsmenn Tillögunnar, heill þingflokkur, veiti orkumálum athygli. Evrópa er um þessar mundir að fara í gegnum sína dýpstu orkukrísu í sögunni og ekki sér fyrir endann á því hvernig hún verður leyst.

Í upphafi greinargerðar Tillögunnar er tilgreint að markmiðið sé að skilið verði á milli raforkumarkaðar stórnotenda sem keppa á frjálsum markaði og gera leynilega samninga annars vegar, og almennra notenda (heimila og fyrirtæki) hins vegar. Þetta orðalag er til þess fallið að valda misskilningi þar sem raforkusala til heimila og smærri fyrirtækja er einnig á frjálsum samkeppnismarkaði en hins vegar er hér til skoðunar hvort auk þess eigi að tryggja þessum aðilum raforkuöryggi. Auk þess má benda á að vel flestir samningar opinberra raforkusölufyrirtækja við stórnotendur eru opinberir en ekki leynilegir.

Hér á eftir eru ábendingar HS Orku settar fram í þeim undirköflum sem Tillagan sjálf tilgreinir.

Forgangsröðun raforkuframleiðslu til orkuskipta

HS Orka styður orkuskipti heilshugar en telur þó varhugavert að eyrnamerkja framleiðslu allra nýrra virkjunarkosta til orkuskipta. HS Orka telur að horfa þurfi á málið út frá fleirri sjónarhornum þar sem staða og bakgrunnur framleiðenda raforku á Íslandi er mismunandi.

Ef framleiðsla allra nýrra virkjunarkosta ætti að fara í orkuskipti þá gæti verið þrengt að möguleikum á ýmiskonar verkefnum sem rædd hafa verið að undanförunu. Má þar nefna t.d. matvælaframleiðslu í landeldi eða áburðarverksmiðju. Þetta gæti verið hindrun í því að raungera stefnu stjórnvalda um kolefnishlutleysi og orkuskipti. Ákvarðanir um orkuframleiðslu þurfa að taka mið af loftslagsmarkmiðum Íslands.

Að mati HS Orku þarf að gera ríkulegan greinarmun á því hvaða notendur skuli teljast til alþjónustunotenda og hvort það mat sé háð ytri stærðum og breyttri orkuþörf samfélags. Sem dæmi, ef stefna stjórnvalda er að verða kolefnishlutlaust, getur þá framleiðandi á raforkueldsneyti talist alþjónustuveitandi (því án hans fá farartæki ekki eldsneyti)? Gætu sams konar álitamál átt við í fóðurframleiðslu. Ljóst er að ofangreindir flokkar munu þjóna bæði innlendri og erlendri eftirspurn á einhverjum tímapunkti. Til að rafeldsneytisverksmiðja sé hagkvæm þarf hún á upphafssárum að hafa afkastagetu sem er langt umfram innlenda notkun en munur mun minnka þegar fram líða stundir.



Saga virkjana og uppbyggingar iðnaðar hafa haldist í hendur síðasta hálfu áratuginn. Stærstu virkjanir landsins, nú í eigu Landsvirkjunar, búa yfir mikilli getu til orkusöfnunar með miklum miðlunarlónum og nú nýverið hefur verið upplýst um ráðstafanir til að auka enn vélarafli og sveiflugetu með stækkunum og breytingum á vélbúnaði um alls 210 MW og 0,9-1,5% nýtingu. Nýjar virkjanir með svona lágri nýtingu eru nýmæli og ekki á færi nema fjársterkra aðila. Ljóst er að til að viðunandi arðsemi verði á framkvæmdunum, má vænta hærri orkuverðs. Ef eyrnamerkja á alla nýja virkjunarkosti við orkuskiptin þá gæti það leitt til samkeppnishindrana á markaði um framleiðslu raforku. Landsvirkjun er í ríkiseign með um 70% af allri orkuframleiðslu landsins og býr að nánast öllum miðlunarlónum í vatnsafla, en með þeim býr Landsvirkjun yfir þeim eiginleika að geta bætt í orkuframleiðslu þegar hennar er þörf og slegið af þegar eftirspurn er lítil. Þessi eiginleiki mun nú vaxa umtalsvert, líkt og búið er að tilkynna um.

HS Orka vill auk þess vekja athygli á að í Tillöggunni er nefnt að 4,5% orkunnar tapast í flutningskerfi. Erfitt er að finna þessa samsvörun og leggur HS Orka til að þessi orkutöþ sé skýrð betur eða lagfærð að raunstærð.

Að sama skapi er nefnt í Tillöggunni að „orkuskipti á landi krefjast um það bil 5% af núverandi orkuframleiðslu“. Hér er um talsverða einföldun að ræða, en fólksbílaflotinn gæti þurft um 5% (1 TWh). Á landi þarf einnig að skipta flutningabílum, hópferðabifreiðum, grófum og fleiri orkufrekum tækjum af jarðefnaeldsneyti. Orkuþörf allra farartækja á landi er amk. 3 TWh og sé farið út í orkuskipti á hafi og í flugi hefur orkuþörf alls verið metin 15,6 TWh (alls um 80-85% af núverandi orkuframleiðslu).

Skilgreining alþjónustu í raforkulögum

Í Tillöggunni er vísað í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku sem kom út árið 2020 þar sem lagt er til að kveðið verði á um alþjónustu í lögum. Er jafnframt vísað í að ráðherra hafi falið starfshópi að fylgja eftir tillögum þessa starfshóps með tillögu að breytingum á regluverkinu með það að markmiði að tryggja orkuöryggi almennings. Því næst er tilgreint að þessar tillögur hafi enn ekki litið dagsins ljósi.

HS Orka vill leiðrétta þennan misskilning. Starfshópur um eftirfylgni skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku var skipaður í janúar sl. með fulltrúum frá Neytendasamtökunum, HS Orku, Landsvirkjun, Landsneti, Orku náttúrunnar og Umhverfis- og náttúruverndarsamtökum. Formaður hópsins var Halla Hrund Logadóttir Orkumálastjóri. Starfshópur skilaði tillögu að reglugerð um raforkuöryggi til Umhverfis- orku og loftlagsráðuneytisins þann 9. júní 2022.

Í reglugerðardrögunum er alþjónusta skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Alþjónustunotendur: Er sá hópur notenda sem vernda þarf gegn orkuskorti og skal sá hópur vera á forgangsorku. Í undantekningartilvikum getur Orkustofnun veitt tímabundnar undanþágur frá skilyrðum um forgangsorku vegna samninga við ákveðna notendur að því gefnu að slík notkun styðji við loftslagsmarkmið stjórnvalda.

1) Almennir heimilisnotendur (þar með talið íbúar sem njóta rafkynta hitaveitna) og þau fyrirtæki og stofnanir sem veita almennungi bráðalþjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu. Þessi hópur er skilgreindur sem viðkvæmir notendur og skulu ávallt vera á forgangsorku.

2) Aðrir notendur sem ekki eru stórnotendur eða stefna á að komast á stórnotendataxta sbr. skilyrði raforkulaga, samkvæmt raforkuspá Orkustofnunar að teknu tillit til þarfa vegna orkuskipta.“

Heimildir Orkustofnunar til að tryggja almenningi raforkuöryggi

Tillagan leggur til að fela megi Orkustofnun að tilnefna aðila sem sjái til þess að ávallt verði til staðar fullnægjandi framboð raforku fyrir almenning og vísar í að starfshópurinn frá 2020 hafi lagt til þessa framkvæmd.



HS Orka bendir á að starfshópurinn frá 2022 leggur til aðra framkvæmd þar sem gerð er tillaga um svokallaða framboðsskyldu raforkuframleiðanda sem hafa gild virkjunarleyfi fyrir samtals 10 MW uppsetts afks eða meira til að mæta raforkuþörf alþjónustunotenda. Þer þeim raforkuframleiðendum að hafa tiltækt til ráðstöfunar tiltekið hlutfall raforku fyrir alþjónustunotendur eftir nánar tilgreindum viðmiðum. Aðgengi nýrra raforkuframleiðenda er tryggt og stuðlað er að virkni markaðarins. Jafnframt eru sett fram ákvæði er stuðla að neytendavernd með markvissum hætti.

HS Orka telur ekki farsælustu leiðina að Orkustofnun verði gert að tilnefnda aðila sem eiga að sjá til þess að ávallt sé fyrir hendi fullnægjandi framboð raforku fyrir almenning og smærri fyrirtæki til þess að tryggja raforkuöryggi heimila og lítilla fyrirtækja. HS Orka telur þá leið sem tilgreind er í reglugerðardrögum starfshópsins frá 2022 vera farsælasta enda sú tillaga sett fram í fullri sátt starfhópsins þó svo að sjálfsögðu þurfi eflaust að útfæra nánar tillöguna og þá í samráði við aðra hagaðila.

Að öðru leyti er HS Orka reiðubúin til samstarfs og-eða rýni á komandi frumvarp og fagnar því að þingmenn bíði eftir þessu málefni. Full þörf er á að vanda til verksins.

Virðingarfyllst,
f.h. HS Orku hf.

Arna Grímsdóttir, lögm.
Framkvæmdastjóri lögfræðissviðs